

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Drífa Skúladóttir Auður  
Kjartansdóttir Halldór Kristinsson  
Ásdís Lilja Pétursdóttir Magnús  
Eiríksson Davíð Viðarsson  
Kristjana Hermannsdóttir

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 120120. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar**  
**haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 29. nóvember 2018**  
**og hófst hann kl. 10:00.**

## Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Auður Kjartansdóttir, Halldór Kristinsson, Ásdís Lilja Pétursdóttir, Magnús Eiríksson, Davíð Viðarsson og Kristjana Hermannsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Ásdís Lilja Pétursdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

## Dagskrá:

### 1. Fellaslóð 3\_Út og vestur ehf. sækir um lóðarúthlutun - 1804002

Tekið fyrir að nýju. Jón Jóel Einarsson sækir um lóðarúthlutun að Fellaslóð 3, f.h. Út og Vestur ehf.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestaði erindinu á síðasta fundi, þar til niðurstaða um heildarskipulag og framtíðarsýn á Arnarstapa hefur verið ákveðin með bæjarstjórn.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu.*

### 2. Fellaslóð 2 og 3\_Birkisól ehf. sækir um lóðaúthlutun - 1811010

Birkisól ehf. sækir um lóðaúthlutun fyrir Fellaslóð 2 og Fellaslóð 3, Arnarstapa. Hugsunin er að sameina þessar tvær lóðir og byggja eitt hús og færa veitingastaðinn Stapann þangað og bæta við 5 salernum. Einnig að setja góð bílastæði vestan megin við húsið. Hugmyndin er síðan að tengja saman húsin, þannig að þetta verði ein heild. Fellaslóð 1 verði þá minjagripaverslun.

Ef ekki er fallist á þetta, er Fellaslóð 2 til vara.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari gögnum.*

### 3. Golfvöllur Rifi\_Golfklúbburinn Jökull óskar eftir landi fyrir nýjan golfvöll í Rifi - 1811007

Jón Bjarki Jónatansson sækir um f.h. Golfklúbbsins Jökuls, land undir nýjan golfvöll á Rifi, skv. meðfylgjandi teikningu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um umsagnir umsagnaraðila.*

### 4. Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031\_lýsing og matslýsing vegna breytingar á skipulagi, Ólafsvík skógræktarsvæði - 1811008

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina lýsingu og matslýsingu til samþykktar, vegna breytinga á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031. Fyrirhuguð

*M.G. AH AU  
1  
MK*

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

breyting varðar skógræktarsvæðið í Ólafsvík.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

5. **Lambafell við Jökulhálsveg\_Rarik ohf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús - 1811009**

Rarik ohf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús. Byggingin hýsir spennivirki.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

6. **Ólafsbraut 28\_Guðmundur Steinþórsson sækir um byggingarleyfi fyrir endurnýjun á svölum - 1811005**

Guðmundur Steinþórsson og Kristín Guðmundsdóttir sækja um byggingarleyfi fyrir endurnýjun svala að Ólafsbraut 28.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

7. **Keflavíkurgata 4\_Páll Sigurvinsson sækir um byggingarleyfi fyrir garðhúsi - 1811004**

Páll Eðvarð Sigurvinsson sækir um byggingarleyfi fyrir 17 fm. garðhúsi skv. meðfylgjandi teikningu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu.*

8. **Hjallabrekka 6\_Rafn Guðlaugsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum að framanverðu - 1811003**

Rafn Guðlaugsson sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á gluggum að framanverðu að Hjallabrekku 5. Um er að ræða eins glugga og komnir eru í Hjallabrekku 6. Opnanlegu fögin eru standandi og stóri glugginn með svalahurðinni er eins, skv. meðfylgjandi útlitsteikningu.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

9. **Fróðárfjara\_Fróðá ehf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Fróðárfjöru til fimm ára - 1811001**

Fróða ehf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í Fróðárfjöru til fimm ára. Vinna skal ca. 1.000 rúmmetra af blandaðri mól vegna steypuframleiðslu. Efnistakan og staðsetning hennar er í samræmi við nýtt aðalskipulag. Framkvæmdatími er 15. janúar til 1. mars ár hvert. Engar breytingar munu sjást á fjörunni eða fjörukambinum eftir efnistöku.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir landeigendum á að efnistaka á að vera innan skilgreinds svæðis í aðalskipulagi.*

11. **Miðbrekka 15\_Orri Freyr Magnússon sækir um leyfi fyrir að plægja ca. 400 m. slaufu frá húsi,fyrir varmadælu - 1804019**


Tekið fyrir að nýju. Orri Freyr Magnússon óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir ofangreindu erindi. Breyting frá fyrri umsókn er að óskað er eftir að farið verði fyrir neðan götu í stað ofan lóðar.

Erindinu var frestað á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þar til reglur um varmadælur hafa verið samþykktar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Drífa situr hjá.*

12. **Ólafsbraut 2\_Stefán Smári Lárússon sækir um stöðuleyfi fyrir gám - 1811006**

Stefán Smári Lárússon sækir um framlengingu stöðuleyfis fyrir gám að Ólafsbraut 2,

 2 AU

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

fram á næsta sumar. Gámurinn er notaður sem vinnuaðstaða.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi út maí 2019. Nefndin bendir á að áframhaldandi stöðuleyfi verður ekki veitt eftir þennan tíma.*

**10. Varmadælur í Snæfellsbæ\_Byggingarfulltrúi leggur fram reglur fyrir varmadælur í Snæfellsbæ - 1810009**

Tekið fyrir að nýju. Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina reglur vegna varmadæla í Snæfellsbæ.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir samþykktina.*

**13. Gjaldskrá byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjalda 2019 lögð fyrir til samþykktar - 1811002**

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina til samþykktar, gjaldskrá fyrir byggingarleyfis-, þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld í Snæfellsbæ 2019.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir gjaldskrá 2019 fyrir byggingarleyfis- þjónustu- og framkvæmdaleyfisgjöld.*

**14. Lausafjármunir í Snæfellsbæ\_Byggingarfulltrúi leggur fram reglur fyrir lausafjármuni í Snæfellsbæ - 1810008**

Byggingarfulltrúi leggur fyrir nefndina drög að reglum fyrir lausafjármuni í Snæfellsbæ

*umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir reglur fyrir lausafjármuni í Snæfellsbæ.*

**15. Önnur mál - umhverfis- og skipulagsnefnd 2018 - 1804013**

Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar leggur fyrir nefndina drög að skipulagstillögum á Arnarstapa varðandi heildarskipulag og bílastæði.

*-Umhverfis- og skipulagsnefnd ræddi tillögurnar. Umræður voru um, hvort taka ætti út stöðuleyfislóðir fyrir söluvagna og leita eftir sambærilegri starfsemi í skráðu húsnæði. Nefndin óskar eftir nýrri tillögu í samræmi við umræðurnar.*

*-Umhverfis- og skipulagsnefnd lýsir ánægju sinni yfir fjölgun mála sem tekin hafa verið fyrir undanfarin ár, en hefur um leið áhyggjur af því að starfsmenn tæknideildarinnar nái ekki að framfylgja og vinna úr öllum þeim málum og samþykktum sem afgreidd eru.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:10.**

*Ánundur Krantarsd.  
Katrínna Hermannsd.  
Náttur  
D.H.  
M.H.*